



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis). Þingskjal 94, 94. mál, 150. löggjþ.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri



**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja við tillögu frumvarps þessa og hvetja til samþykktar þess.

Eðlilegt er og í samræmi við Barnasáttmálann að börn fái að fylgja foreldrum sínum á milli landa, sbr. 7., 8. og 9. grein Barnasáttmálans. Börn eiga rétt á að njóta umönnunar foreldra sinna og skulu þau ekki aðskilin frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra. Auk þess eiga börn rétt á að lifa án ofbeldis og njóta verndar og öryggis. Fjölskyldur með börn eiga að mati Barnaheilla að njóta sama frelsis til athafna og aðrir og ekki þola mismunun á þeim grundvelli að hafa börn á sinni ábyrgð og framfærslu.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja ríka áherslu á að börnum sé ekki mismunað um réttindi þau sem hann tryggir börnum.